

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið

Skuggasundi 150 Reykjavík sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340 postur@dmr.stjr.is domsmalaraduneyti.is

> Reykjavík 22. júlí 2010 Tilv.: DMR10060003/4.91.3

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið vísar til fyrri bréfaskipta vegna skipunar nefndar til að fjalla um hæfni umsækjenda um dómaraembætti sbr. 1. mgr. 4. gr. a. laga um dómstóla nr. 15/1998, sbr. 2. gr. laga nr. 45/2010.

Við undirbúning nefndarskipunarinnar var þess óskað að tilnefningaraðilar létu í ljós afstöðu sína til þess hvernig tilnefningar þeirra samrýmdust ákvæðum. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Skýringar tilnefningaraðila þar að lútandi hafa borist ráðuneytinu og var meginafstaða þeirra að þeir væru óbundnir af ákvæðum 15. gr. jafnréttislaga svo sem hér greinir.

Hæstiréttur telur að þar sem ráðherra sé bundinn af áliti dómnefndar, sem þó sé hægt að víkja frá með samþykki Alþingis, sé ekki rétt að tilnefna fleiri til setu í nefndinni en skipa á samkvæmt tilnefningu réttarins. Í þessu felist það álit að þar sem ráðherra er bundinn af áliti dómnefndarinnar víki ákvæði 1. mgr. 4. gr. a. laga um dómstóla nr. 15/1998 sbr. 2. gr. laga nr. 45/2010 um breytingu á þeim lögum, ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 til hliðar.

Dómstólaráð víkur í bréfi sínu til ráðuneytisins að því að hinum nýju ákvæðum laga um skipun í embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara er ætlað að efla sjálfstæði dómsvaldsins gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins þ.á.m. framkvæmdavaldinu. Sú hætta sem steðji að dómsvaldinu birtist öðru fremur í íhlutunarvaldi framvæmdavaldsins í málefni dómstóla í gegnum ákvörðunarvald um fjármál dómstóla og skipunarvald í embætti dómara. Veigamiklum áfanga hafi því verið náð í auknu sjálfstæði dómstóla þegar pólitísku valdi ráðherra til skipunar í embætti dómara voru settar þröngar skorður með lögum nr. 45/2010. Dómstólaráð telji ekki heimilt að takmarka rétt þess á tilnefningu í nefnd skv. 4. gr. a. laga um dómstóla nr. 15/1998 og verði hin almennu lög nr. 10/2008 að víkja gagnvart því sérstaka ákvæði. Vekur Dómstólaráð athygli á því að ef sú staða væri uppi að lög nr. 10/2008 hefðu forgang kynnu tilnefningaraðilum að vera settar enn þrengri skorður við endurtilnefningar í nefndina en miðað er við ef samsetning nefndarinnar væri á þeim tíma þannig að kynjahlutfalli laga nr. 10/2008 væri hætta búin.

Lögmannafélag Íslands lítur svo á að dómsmálaráðherra sé á grundvelli 1. mgr. 4. gr. a. laga um dómstóla nr. 15/1998 bundinn af vali þeirra aðila sem tilnefna eiga fulltrúa í nefndina. Ákvæðið kveði skýrt á um að skyldur Lögmannafélags Íslands standi eingöngu til þess að tilnefna einn aðalmannn og einn varamann en ekki hóp einstaklinga. Umrædd lög séu sérlög sem samkvæmt gildandi lögskýringarsjónarmiðum gangi framar almennum lögum þ.m.t. jafnréttislögum nr. 10/2008. Jafnframt beri að horfa til þess að markmið laga nr. 45/2010 hafi m.a. verið að gera skipunarferli dómara skýrara og draga úr áhrifum ráðherra. Því telji stjórn Lögmannafélagsins að ósk ráðuneytisins um tilnefningu fleiri en eins fulltrúa í hvert sæti hvort heldur karla eða konur, sem ráðherra velji úr, gangi gegn inntaki hinna nýju laga og sé til þess fallið að rýra vald það sem tilnefningaraðilum er fengið.

Þar sem fyrir liggja eindregin sjónarmið Hæstaréttar, Dómstólaráðs og Lögmannafélags Íslands svo sem að ofan greinir hefur ráðuneytið ákveðið að skoða hvort rétt sé að breyta ákvæðum dómstólalaga sem kveða á um hvernig tilnefnt er í nefndina með hliðsjón af ákvæðum og markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Í dómstólalögum er kveðið á um að í Hæstarétti skuli eiga sæti níu dómarar og hefur embætti eins dómara nú verið auglýst laust til umsóknar. Brýnt er að nýr hæstaréttardómari verði skipaður hið fyrsta.

Er það niðurstaða ráðuneytisins að skipa nú þegar þá fulltrúa sem tilnefndir hafa verið í nefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, sbr. 1. mgr. 4. gr. a. laga um dómstóla nr. 15/1998, sbr. 2. gr. laga nr. 45/2010.

Fyrir hönd ráðherra Þórunn J. Haukur Guðmundsson

DÓMSTÓLARÁÐ

Innanríkisráðuneytið Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 20. júlí 2011

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 1. júlí sl. um tilnefningu í nefnd á grundvelli 1. mgr. 4. gr. a dómstólalaga nr. 15/1998 um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Er þess óskað að dómstólaráð tilnefni konu sem aðalmann í nefndina í ljósi hlutfalls kvenna sem aðalmanna í nefndinni og varamann í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008.

Með bréfum dómstólaráðs frá 11. júní, 28. júní og 19. júlí 2010 voru til meðferðar fyrri tilnefningar dómstólaráðs í umrædda nefnd. Var þar m.a. rökstutt hvernig dómstólaráð teldi ekki fyrir að fara heimild til að takmarka rétt þess á tilnefningu í nefnd samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998. Um nánari rökstuðning fyrir áliti ráðsins er vísað til þeirra röksemda er fram koma í nefndum bréfum.

Á fundi dómstólaráðs í gær var ákveðið að tilnefna á nýjan leik Allan Vagn Magnússon héraðsdómara sem aðalmenn í dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998. Þá var ákveðið að tilnefna Ragnheiði Harðardóttur héraðsdómara sem varamann Allans.

Dómstólaráðsmennirnir Þorgerður Erlendsdóttir og Þórdís Ingadóttur standa ekki að þessari ákvörðun.

fh. dómstólaráðs

Símon Sigvaldason

Dómhúsinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · símbréf: 551 2905 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kennitala: 410798-3440 Scanned by CamScanner

DÓMSTÓLARÁÐ

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið Arnvarhvoli 150 Reykjavík

Reykjavík 19. júlí 2010

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 12. júlí sl. um tilnefningu í nefnd um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Er þess óskað að dómstólaráð útskýri hvernig tilnefning þess á fulltrúa í nefnd samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 samrýmist 1. mgr. 15. gr., sbr. 2. mgr. jafnréttislaga nr. 10/2008.

Jafnréttislög nr. 10/2008 eru almenn lög sem ætlað er að jafna hlutfall kynja í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga. Hinum nýju ákvæðum laga um skipun í embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara er ætlað að efla sjálfstæði dómsvaldsins gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins, þ. á m. framkvæmdavaldinu. Lögskýringargögn með lögum nr. 45/2010 endurspegla þessi sjónarmið í hvívetna. Dómstólar hafa ávallt lagt ríka áherslu á sjálfstæði sitt. Sú hætta sem að því steðjar birtist öðru fremur í íhlutunarvaldi framkvæmdavaldsins í málefni dómstóla í gegnum ákvörðunarvald um fjármál dómstóla og skipunarvald í embætti dómara. Veigamiklum áfanga var því náð í auknu sjálfstæði dómstóla þegar pólitísku valdi ráðherra til skipunar í embætti dómara voru settar þröngar skorður með lögum nr. 45/2010. Er ráðherra nú bundinn af áliti dómnefndar nema hann fái samþykki Alþingis fyrir því að skipa annan einstakling í embætti dómara en nefndin mælir með. Þar sem þannig hagar til telur dómstólaráð ekki heimilt að takmarka rétt þess á tilnefningu í nefnd samkvæmt 4. gr. laga nr. 15/1998 og verða hin almennu lög nr. 10/2008 að víkja gagnvart því sérstaka ákvæði. Vekur ráðið athygli ráðuneytisins á því að ef sú staða væri uppi að lög nr. 10/2008 hefðu hér forgang, svo sem ráðuneytið miðar við, kynnu tilnefningaraðilum að vera settar enn brengri skorður við endurtilnefningar í nefndina en miðað er við ef samsetning nefndarinnar væri á þeim tíma þannig að kynjahlutfalli laga nr. 10/2008 væri hætta búin.

Áréttað er að dómstólaráðsmennirnir Þorgerður Erlendsdóttir og Þórdís Ingadóttir standa ekki að þessari afstöðu ráðsins.

fh. dómstólaráðs

Source &

Símon Sigvaldason

Dómhúsinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · símbréf: 551 2905 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kennitala: 410798-3449

DÓMSTÓLARAÐ

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið Arnvarhvoli 150 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2010

talasia kanailala 410700 2440

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 21. júní sl. um tilnefningu í nefnd um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Er þess óskað að til viðbótar við þann fulltrúa sem þegar hafi verið tilnefndur, tilnefni dómstólaráð annan einstakling af gagnstæðu kyni til setu í nefndinni. Er vísað til 2. mgr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 í því sambandi. Þá er þess óskað að ráðið tilnefni einnig varamann til setu í nefndinni með sama hætti.

Tilnefning sú er um ræðir er gerð á grundvelli laga nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla. Með lögum nr. 45/2010 var sett á laggirnar nefnd sem ætlað er að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Það nýmæli var lögfest með ofangreindum lögum að óheimilt er nú að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefndin hefur ekki talið hæfastan umsækjenda, hvort heldur hann er einn eða samhliða öðrum. Frá þessu skilyrði má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu dómsmálaráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan einstakling sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna. Þær lågareglur sem um skipan dómara nú gilda eru að meginstefnu til afrakstur vinnu nefndar sem dómsmálaráðherra setti á laggirnar til að endurskoða reglur um skipan dómara. Sú nefnd hafði að leiðarljósi það markmið að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstóla og tryggja sem best að þeir væru óháðir öðrum handhöfum ríkisvaldsins sem þeir hafa eftirlit með. Þó svo að eftir sem áður sé veitingarvaldið í höndum dómsmálaráðherra hafa reglur þessar þó takmarkað mjög það svigrúm sem ráðherra hefur til skipunar í embætti þar sem hann er að meginstefnu til bundinn af tillögum hæfnisnefndar, nema Alþingi samþykki tillögu ráðherra í aðra veru.

Samkvæmt 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. 2. gr. laga nr. 45/2010, tilnefnir dómstólaráð nefndarmann í nefnd um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara og annan til vara. Dómstólaráð telur það stangast á við nefnt lagaákvæði að tilnefna fleiri en einn fulltrúa sem aðalmann í nefndina og varamann. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ætlunin með lögum nr. 45/2010 var að efla sjálfstæði dómsvaldsins gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins og stuðla að því að pólitískra áhrifa gætti síður við skipanir í embætti dómara. Með því að ráðherra hafi sjálfur val um hvern hann skipar í hæfnisnefndina úr hópi þeirra aðila sem tilnefningaraðilar tilnefna er verið að ganga gegn þeim markmiðum sem að var stefnt



með lagasetningunni. Dómstólaráð hefur í þessu ljósi ákveðið að árétta tilnefningu þeirra hina sömu og áður voru tilnefndir sem aðalmaður og varamaður í hæfnisnefnd samkvæmt 4. gr. a laga nr. 15/1998.

Dómstólaráðsmennirnir Þorgerður Erlendsdóttir og Þórdís Ingadóttir standa ekki að þessari ákvörðun og telja að lög standi til þess að verða við beiðni ráðherra eins og hún er fram sett í nefndu bréfi frá 21. þ.m.

fh. dómstólaráðs

Juan Símon Sigvaldason



Dómstólaráð Helgi I. Jónsson, starfandi formaður Dómhúsinu við Lækjartorg 150 REYKJAVÍK

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið

Skuggasundi 150 Reykjavík sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340 postur@dmr.stjr.is domsmalaraduneyti.is

> Reykjavík 21. júní 2010 Tilv.: DMR10060003/4.91.3

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. júní sl., var óskað eftir tilnefningum í nefnd um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Tilnefning yðar, dags. 11. júní 2010, barst ráðuneytinu 16. júní sl. Óhjákvæmilegt er að minna á 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem segir m.a. að þegar tilnefnt sé í nefndir á vegum ríkis skuli tilnefna bæði karl og konu.

Með vísan til framangreinds er þess óskað að til viðbótar við þann fulltrúa sem þegar hefur verið tilnefndur, tilnefni dómstólaráð annan einstakling af gagnstæðu kyni til setu í nefndinni. Ráðuneytið mun gæta þess við skipan nefndarinnar að hlutfall kynja sé sem jafnast. Þá er þess óskað, með vísan til bréfs ráðuneytisins, dags. 4. júní sl., að dómstólaráð tilnefni einnig varamann til setu í nefndinni með sama hætti, þ.e. með hliðsjón af 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008.

Þess er að lokum óskað að tilnefningar þessar berist ráðuneytinu hið fyrsta, eigi síðar en 25. júní nk.

Fyrir hönd ráðherra

Haukur Guðmundsson

mmilditty